

Sp.

812. Skýrsla

[437. mál]

fulltrúa Íslands á 37. þingi Evrópuráðsins apríl 1985 – janúar 1986.

1. Inngangur.

Í upphafi skal farið nokkrum orðum um Evrópuráðið og hlutverk þings þess.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun sem framar öllu er þing sem fer með umboð þjóðþinga aðildarríkjanna annars vegar og ráðherraefnd sem fer með umboð ríkisstjórnanna hins vegar. Tengslum milli þessara tveggja umboðsaðila er haldið uppi af svokallaðri samvinnu- nefnd sem fulltrúar beggja eiga sæti í. Aðalframkvæmdastjórinn og starfslið hans þjónar þessum aðilum. Í skýrslu þessari verður fjallað um starfsemi Evrópuráðsins.

Þing Evrópuráðsins er ráðgefandi þing sem svipar til þjóðþinga að eðli og lýtur áþekkingu þingskópum en hefur ekki löggjafarvald. Þingið skipa 170 fulltrúar.

Gert er ráð fyrir reglulegu þinghaldi á hverju ári og er það haldið í þrennu lagi, að vori, hausti og vetri. Með þessu móti getur þingið fylgst betur en ella með gangi alþjóðamála. Þingið lætur hin margvíslegustu mál til sín taka, svo sem pólitísk, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg, að undanskildum hermálum. Málin hafa áður verið undirbúin af þingnefnd- unum og eru afgreidd í formi tillagna til ráðherraefndar, ályktana, fyrirmæla og álitserða.

2. Fulltrúar Íslands.

Fulltrúar Íslands á 37. þinginu voru:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, formaður,
Ingvar Gíslason,
Garðar Sigurðsson.

Varafulltrúar:

Kjartan Jóhannsson,
Halldór Blöndal.

Aðalfulltrúar og varafulltrúar tóku þátt í störfum þingsins og skipuðu nefndir sem hér segir:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson:

Fastanefnd.
Stjórnmalanefnd.
Laganefnd (varamaður).

Ingvar Gíslason:

Samvinnunefnd.
Menntamalanefnd.
Sveitarstjórna- og skipulagsnefnd.
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd (varamaður).

Garðar Sigurðsson:

Efnahagsnefnd.
Nefnd um farandverkafólk og flóttamenn (varamaður).
Nefnd um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins (varamaður).
Fjárhags- og áætlunarnefnd.

Kjartan Jóhannsson:
Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd.
Vísinda- og tækninefnd.

Halldór Blöndal:
Þingskapanefnd.
Fastanefnd (varamaður).
Stjórn málanefnd (varamaður).

Formaður íslensku þingfulltrúanna var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri Alþingis.

3. Störf þingsins almennt.

37. þing Evrópuráðsins var venju samkvæmt haldið í þrennu lagi og var fyrsti hlutinn frá 22.–26. apríl 1985, annar hlutinn frá 25. september til 3. október 1985 og þriðji hlutinn frá 27.–31. janúar 1986. Þingfundir eru ávallt haldnir í aðalstöðvum Evrópuráðsins í Strassborg.

Vestur-þýski jafnaðarmaðurinn Karl Ahrens var endurkjörinn forseti þingsins á vorkundi og ellefu varaforsetar kosnir.

Að venju ávarpaði aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Oreja, þingið sem og formenn ráðherranefndar Evrópuráðsins sem á 37. þinginu voru fyrri hluta þingsins utanríkisráðherra Vestur-Þýskalands, Hans-Dietrich Genscher, og síðar Peter Barry, utanríkisráðherra Írlands, en þeir fluttu skýrslu ráðherranefndarinnar.

Meðal gesta þingsins má nefna Hosni Mubarak, forseta Egyptalands, sem ávarpaði þingið á fundi þess í janúar. Michel Delabarre, ráðherra í ríkisstjórn Frakklands, sem fer með atvinnumál og starfsþjálfun, ávarpaði vorkundinn. Ben Osman, landbúnaðarráðherra Túnis, og Léon Schlumpf, samgönguráðherra Sviss, ávörpuðu einnig þingið. Þá ávarpaði Hroun Tazieff, aðstoðarráðherra sem fer með almannavarnir í Frakklandi, haustfundinn og að venju flutti framkvæmdastjóri OECD, Jean-Claude Paye, skýrslu OECD og formaður EFTA-ráðsins, Jermu Laine frá Finnlandi, formaður ráðherranefndar EFTA, flutti skýrslu ráðsins.

4. Alþjóðamál og mál sem tengjast þeim Evrópuráðsríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráði.

Ástandið á Tyrklandi var enn á dagskrá þingsins og lá á vorkundi fyrir skýrsla stjórn málanefndarinnar og laganeftndar sem Steiner, þingmaður austurríska þjóðarflokksins, mælti fyrir. Fram kom að herlög eru enn í gildi í 26 sýslum Tyrklands, þar á meðal þeim stærstu, þó að þeim hafi verið aflétt á öðrum svæðum. Á vettvangi stjórn mála væri framkvæmd herlaganna ekki rædd en hins vegar hefði stjórn málaflokkum bæði fjölgað og svo kæmust menn upp með að gagnrýna stjórnvöld í æ ríkara mæli.

Fulltrúar þings Evrópuráðsins, sem fylgst hafa með málum í Tyrklandi, eru mjög gagnrýnir á stjórnarskrána, lög um stjórn málaflokka, lög um verkalýðsfélög, takmörkun ritfrelsis og mannréttinda. Mjög oft hafa menn spurt hvort mannréttindi og lýðræði sé með þeim hætti í Tyrklandi að landið geti talist fullnægja frumskilyrðum um aðild að Evrópuráðinu, þ.e. lýðræði og mannréttindum. Eins og jafnan áður skiptust menn mjög í afstöðu sinni til Tyrklands eftir stjórn málaflokkum sem kenndir hafa verið við hægri eða vinstri.

Framsögumaður taldi þó nokkra þróun til batnaðar hafa átt sér stað síðan síðasta skýrsla þingsins var samin og ályktun nr. 822 var samþykkt á þingi Evrópuráðsins vorið 1984. Niðurstaða framsögumanns var sú að allir stjórn málamenn í Tyrklandi væru sammála

um að samskipti Tyrklands við önnur Evrópuríki væru mikilvæg og þyrfti að vinna af krafti til að bæta þau. *Samþykkt var ályktun nr. 840 um ástandið í Tyrklandi.*

Ástandið á Möltu var rætt eftir að stjórnmalanefndin og laganefndin höfðu skilað skýrslu og álit um málið. Schwarz, kristilegur demókrati frá Vestur-Þýskalandi, hafði framsögu um málið. Sagði hann að stjórn Möltu hefði árið 1982 lagt lagafrumvarp fyrir þingið um erlenda íhlutun (Foreign Interference Bill) sem samþykkt var. Samkvæmt því var tjáningarfrelsi erlendra manna á Möltu skert, svo og frelsi þeirra til ýmissa athafna, og þeir sem búa á Möltu mega ekki leggja neitt til erlendra útvarps- og sjónvarpsstöðva, hvort sem þeir eru Möltubúar eða þegnar annarra ríkja. Í öðru lagi voru tveir þingmenn frá Möltu skipaðir í þingmannanefnd á þingi Evrópuráðsins. Báðir voru þeir þingmenn verkamannaflokksins sem situr í stjórn en frá kosningunum 1982 höfðu þingmenn stjórnarandstöðunnar, þjóðarflokksins, ekki setið á þingi. Enginn þingmaður frá Möltu var skipaður til að sækja vorfundinn þegar ástandið á Möltu var rætt. Sú tillaga kom fram að þingmönnum frá Möltu yrði meinuð þátttaka í þinginu en henni var hafnað.

Samþykkt var ályktun nr. 841 um erlenda íhlutun á Möltu og önnur mál sem áhrif hafa á samskipti Möltu og Evrópuráðsins. Í skýrslu um 36. þing Evrópuráðsins er nánar gerð grein fyrir forsögu málsins og þeim skoðunum sem fram höfðu komið í umræðum þingmanna Evrópuráðsins.

Rætt var um *aðstæður Gyðinga í Sovétríkjunum og samþykkt ályktun nr. 845* um það efni. Hugosson, þingmaður jafnaðarmanna í Svíþjóð, hafði framsögu um málið en hann er formaður nefndar um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins. Hann sagði aðstæður Gyðinga í Sovétríkjunum hafa versnað síðan 1983 og færri kæmust úr landi. Menning þeirra væri fótum troðin og andsýniskur áróður í fjölmiðlum væri í raun andgyðinglegur. „Refusnik“ væri sá Gyðingur nefndur sem ekki hefur fengið að fara frá Sovétríkjunum þrátt fyrir umsókn um leyfi. Eru þeir nú orðnir um 10 þúsund og sæta miklu og æ versnandi harðræði. Aðstæður Gyðinga í Sovétríkjunum eru í engu samræmi við mannréttindaákvæði.

Hugosson skoraði á þingmenn að taka málið upp bæði á vettvangi Evrópuráðsins og á þjóðþingum. Doron, þingmaður í Knesset í Ísrael, tók þátt í umræðunni og sótti þingið sem áheyrnarfulltrúi. Í ályktuninni, sem þingið samþykkti um aðstæður Gyðinga í Sovétríkjunum, er skorað á sovísk stjórnvöld að leyfa Gyðingum að halda sérkennum sínum og stunda trú sína án þess að þeim sé mismunað í þjóðfélaginu, að hætta andgyðinglegum áróðri, að leysa alla samviskufanga úr haldi og veita þeim Gyðingum sem vilja leyfi til að halda brott frá Sovétríkjunum.

Samþykkt var ályktun nr. 846 um aðstæður minnihlutahópa og múhameðstúarmanna í Búlgaríu. Atkinson, þingmaður Íhaldsflokksins í Bretlandi, hafði framsögu um málið fyrir hönd nefndar um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins. Á síðustu árum, einkum síðan í desember 1984, hefur Tyrkjum, sem búa í Búlgaríu, verið þröngvað til að taka upp búlgörsk nöfn, verið bannað að tala tyrknesku og þeir neyddir til að haga sér í einu og öllu að hætti Búlgara og búlgarskrar menningar. Þeir hafi mætt mikilli andstöðu vegna trúar sinnar. Atkinson telur að með þessu brjóti búlgörsk stjórnvöld gegn eigin stjórnarskrá en einnig gegn ákvæðum í mörgum alþjóðasamþykktum sem Búlgaríu er aðili að.

Sarioglu, þingmaður frá flokki alþýðunnar í Tyrklandi (Populist Party), tók þátt í umræðunni og sagði það óhugnanlegt að búlgörsk stjórnvöld viðurkenndu ekki einu sinni tilvist tyrkneska minni hlutans í landinu þótt forseti þeirra hefði talað um Tyrkíu síðast í blaðdævitölu árið 1981.

Cox, þingmaður breska verkamannaflokksins, kvaðst vera í vináttufélagi breskra og búlgarskra þingmanna og hafa fengið í hendur óundirritað bréf frá tyrkneskum trúarleiðtogum í Búlgaríu þar sem þeir segjast ekki kannast við neinar ofsóknir og vildi þingmaðurinn draga í efa margt það sem kom fram í skýrslunni um málið. Atkinson kvaðst hafa afhent búlgarska sendiherranum í Stokkhólmi bréf um málið en því hefði ekki verið svarað.

Stríðið milli Írans og Íraks var rætt og ályktun nr. 949 samþykkt á haustfundi. Van den Bergh, þingmaður jafnaðarmanna í Hollandi, hafði framsögu um málið. Skoraði hann á þingheim að beita sér fyrir því að minna á mannréttindabrot í þessu stríði sem geisað hefði á fimmta ár. Sagði hann að stríðið væri ekki langt frá Evrópu. Evrópuríki ættu fyrst og fremst að hætta vopnasölu til Írans og Íraks og styðja samningamenn, þar á meðal bæði aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og samtök múhameðstrúarríkja þar sem Tyrkland gæti beitt áhrifum.

Tillaga nr. 1014 um vegabréfsáritun fyrir tyrkneska ríkisborgara í nokkrum Evrópuríkjum. Framsögumaður var Francisco Foschi, kristilegur demókrati frá Ítalíu. Hann vitnaði í samning Evrópuráðsins, nr. 25 1957, sem fjallar um ferðir borgara Evrópuráðsríkja milli ríkja innan Evrópuráðsins. Sex ríki, sem voru aðilar að þessum samningi, höfðu gert fyrirvara um þau ákvæði er varða tyrkneska ríkisborgara og Norðurlandþjóðirnar í Evrópuráðinu höfðu gert sama fyrirvara en eru ekki aðilar að samningnum. Samkvæmt samningnum getur fyrirvari sem þessi aðeins verið tímabundinn og þá í tengslum við öryggismál eða heilbrigði. Lagði framsögumaður til að öll Evrópuráðsríkin afléttu þessum fyrirvara, bæði þau sem voru aðilar að samningnum og hin þar sem það samræmist ekki setu í Evrópuráðinu að mismuna borgurum aðildarríkjanna. Slíkt gæti fælt Tyrki frá Evrópusamstarfi.

Ástandið í Líbanon var rætt á janúarfundi eftir að Dupont, þingmaður róttæka demókrataflokksins í Sviss, hafði lagt fram skýrslu um ferð sína til Líbanons. Dupont sagði að fólk í Líbanon vonaðist til þess að Evrópuríkin gætu miðlað málum í landinu þar sem þau litu ekki á landið sem það í stórveldasamskiptum. Síryland er í lykilstöðu í Líbanon. En þó að Síryland sé í aðstöðu til að styðja samninga sé nauðsynlegt að leggja sjálfstæði Líbanons í framtíðinni til grundvallar öllum samningum en ekki áform um að innlima ríkið í Síryland. Þá beri Evrópuríkjum að beita Ísraelsmenn þrýstingi til að kalla heim hersveitir frá Suður-Líbanon. Líbanonmálið var ekki tekið til umræðu á þinginu, en skýrslunni var dreift meðal þingfulltrúa.

Þá gerði Eysink, kristilegur demókrati frá Hollandi, grein fyrir aðstæðum palestínskra flóttamanna. Í framsögu sinni sagði Eysink að neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna væri aðeins smyrsl á sárin. Nauðsynlegt væri að komast að varanlegu pólitísku samkomulagi um málið. Þá skoraði hann á Evrópuráðið að standa fyrir ráðstefnu um Palestínnumenn, sem flýja til Evrópu í stórum stíl, og hugsanlega lausn málsins.

Umræður um málefni Írlands hófust árið 1983 til að leita lausnar á Írlandsmálinu. Í umfjöllun um málið var samningur Bretlands og Írlands frá 15. nóvember 1985 nefndur í því samhengi sem skref í rétta átt.

Á janúarfundi var samþykkt ályktun nr. 853 um ástandið í Suður-Afríku. Baumel, þingmaður lýðveldisbandalagsins í Frakklandi (Union for the Republic), hafði framsögu fyrir hönd stjórnmalanefndar. Benti hann á versnandi ástand í Suður-Afríku og aukið ofbeldi. Hann fagnaði því að Evrópuríkin hefðu þegar margsinnis mótmælt mannréttindabrotum í Suður-Afríku. Breski ihaldsþingmaðurinn Sir John Biggs-Davidson tók þátt í umræðunum og fagnaði því ákvæði í tillögu fyrir þinginu þar sem hvatt er til raunverulegra samningaviðræðna „milli allra hópa í þjóðfélaginu“ (í Suður-Afríku). Hann kvaðst styðja þá afstöðu bresku ríkisstjórnarinnar að fallast ekki á efnahagslegar þvinganir. Budtz, þingmaður jafnaðarmanna í Danmörku, vitnaði m.a. til samþykktar Norðurlandaráðs um málefni Suður-Afríku. Norski þingmaðurinn Aano, frá kristilega flokknum, sagði að þrennt bæri að hafa í huga. Málið væri einstakt og kallaði á einstök viðbrögð, efnahagsþvinganir gætu borið meiri árangur einmitt gegn Suður-Afríku en nokkurri annarri stjórn fyrr og síðar og loks væru efnahagsaðgerðir, sem víðtæk samstaða næðist um, síðasti möguleikinn til að hafa áhrif á gang mála í landinu áður en allt yrði komið í bál og brand þar. 23 þingmenn tóku til máls um þetta efni.

5. Efnahags-, þróunar- og orkumál.

Paye, aðalframkvæmdastjóri OECD, ávarpaði janúarfund þingsins og gerði í annað sinn síðan hann tók við því starfi grein fyrir starfsemi OECD. Árið 1984 var hagvöxtur 5% í OECD-ríkjum að meðaltali, verðbólga hafði hjaðnað um 5% og milliríkjavíðskipti aukist um 10%. Síðan hefur hagvöxtur að vísu haldist í Japan en minnkað í Bandaríkjunum og er aðeins 2–2,5% í Evrópu. Nefndi hann fjóra þætti sem gæta þyrfti að: Aukinn hagvöxt, sveigjanleika vinnumarkaðarins til að auka framleiðni, umbætur á alþjóðafnahagskerfinu og verndunaraðgerðir.

Crespo, þingmaður sósíalista í Portúgal, hafði framsögu fyrir hönd efnahagsnefndarinnar um skýrslu OECD. *Samþykkt var ályktun nr. 850 um svar við skýrslu OECD 1984.* Í ályktuninni eru aðildarríkin hvött til aðgerða í kjölfar greiningar OECD á efnahagsvandnum og aukinni efnahagssamvinnu til að bæta kjör og framleiðni í löndunum.

Ályktun nr. 839 um flugsamgöngur í Evrópu var samþykkt. Framsögu um málið hafði Björck, þingmaður sænska íhaldsflokksins, fyrir hönd efnahagsnefndarinnar. Í skýrslunni er leitað leiða til þess að lækka fargjöld í Evrópu og gera flugið hagkvæmara og ódýrara eins og þegar hefur verið gert á leiðinni yfir Atlantshafið til Bandaríkjanna. Óeðlilegt sé að verðlagsákvæði gildi í flugi þegar frjáls samkeppni er látin ráða verði á flestum sviðum víðskipta í Evrópu. Þá verði haft samráð við aðrar alþjóðlegar stofnanir í Evrópu og stefnt að því að nýta betur lofthelgi landa.

Samþykkt var *ályktun nr. 843 um aðgerðir í framhaldi af ráðstefnu um samskipti norðurs og suðurs og hlut Evrópu í þeirri þróun* en um það mál var haldin ráðstefna í Lissabon í apríl 1984 og jafnframt voru samþykktir gerðar um hungursneyðina í Afríku eins og sjá má í landbúnaðarkaflanum.

Laine, utanríkisvíðskiptaráðherra Finnlands, fylgdi úr hlaði *skýrslu ráðherra EFTA-ríkja en Finnland hafði fengið fullnaðaraðild að EFTA á árinu.*

Undir þessum lið ræddi Kjartan Jóhannsson, Alþýðuflokkur, um hlutverk EFTA og þings Evrópuráðsins í víðskiptamálum en vék síðan að saltfisk- og skreiðartolli Efnahagsbandalagsins sem bandalagið hefði nýverið ákveðið að leggja á. Benti þingmaðurinn á að Íslendingar teldu að bandalagið hefði með þessu í raun svikið samkomulag við Íslendinga um þetta mál og beinlínis komið í bakið á þeim. Skoraði hann á alla víðstadda þingmenn Efnahagsbandalagsins að taka þetta mál fyrir hjá ríkisstjórnnum sínum og leggja Íslendingum lið við að fá tollinn felldan niður.

6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.

Samþykkt var á vorþingi *tillaga nr. 1007 um farandverkamenn sem snúa aftur til heimalands síns.* Julian Grimaldos, þingmaður spænskra jafnaðarmanna, hafði framsögu um málið fyrir hönd nefndar um farandverkafólk og flóttamenn. Vísað er til fjölda farandverkamanna sem um áratuga skeið hafa búið og starfað utan heimalands og eignast börn sem eru fremur borgarar gistiríkis en heimalands þeirra. Nokkur ríki, þar sem farandverkamenn eru búsettir, hafa hvatt þá, jafnvel með því að bjóða þeim greiðslu, til að snúa aftur heim. Þar sem þeir hafa misst tengsl við heimahaga og sína upprunalegu menningu og atvinnuleysi ríkir þar eru gistiríkin hvött til að láta af þessum greiðslum og öðrum skammtímaaðgerðum en vinna þess í stað að þróunarverkefnum í samvinnu við upprunaland farandverkamanna þannig að sköpuð sé raunveruleg atvinna fyrir þá í heimalandi. Einnig eru gistiríkin minnt á tilvist Viðreisnarsjóðs Evrópu sem m.a. starfar að því að skapa vinnu fyrir þetta fólk.

Þá var samþykkt *tillaga nr. 1016 um aðbúnað og vinnuaðstæður flóttamanna og þeirra sem sækja um pólitískt hæli.* Framsögu hafði Böhm, þingmaður kristilegra demókrata í Vestur-Þýskalandi. Hann sagði að fyrir þá, sem létu sig varða mennréttindi, vektu aðstæður áðurgreindra manna, sem leitað hafa hælis í Evrópu, óhug. Í fimm ár þyrftu þeir að bíða

áður en mál þeirra eru endanlega afgreidd og búa þá við mikla óvissu, fordóma og þröngan kost. Jafnvel glæpahringir í Asíu og Afríku hafa lofað fólki gulli og grænum skógum í Evrópu og hafa stjórnir Frakklands og Svíþjóðar þegar sent mótmæli og vestur-þýska stjórnin fengið yfir sig flóð af flóttamönnum sem koma til í Berlínar. Hvatt er til að stjórnvöld í aðildarríkjum Evrópuráðsins taki ákvarðanir um hvort þeir veiti flóttamönnum hæli á skemmri tíma en nú tíðkast.

7. Félagsmál.

Büchner, þingmaður vestur-þýskra jafnaðarmanna, hafði framsögu um *skýrslu um breyttan og stytta vinnutíma*, fyrir hönd heilbrigðis- og félagsmálanefndar. Í niðurstöðu segir hann að slíka samninga eigi vinnuveitendur og launþegar að ákveða sín á milli, en hann ritar skýrsluna í framhaldi af umræðum á þinginu árið 1982 en þá var rætt um stytta vinnutíma sem aðferð til að draga úr atvinnuleysi. Hann telur að mjög verði að draga úr lengd vinnutíma til þess að það fækki atvinnulausum. Yfir 30 ræður voru fluttar um þetta mál og nokkrar breytingartillögur komu fram, en tillagan var felld.

Tillaga nr. 1022 um félagsmálasáttmála Evrópu, stjórnsmálalegt álit, var samþykkt á janúarfundi. Giust, þingmaður kristilegra demókrata í Ítalíu, hafði framsögu um málið fyrir hönd heilbrigðis- og félagsmálanefndar. Félagsmálasáttmáli Evrópuráðsins var gerður fyrir 25 árum síðan og eru aðeins 14 af 21 ríki Evrópuráðsins aðilar að sáttmálanum. Í skýrslunni var sáttmálinn skoðaður og kannað hvernig ákvæði hans reynast í framkvæmd og síðan voru gerðar tillögur um framtíðarskipan mála. Sáttmálinn getur orðið grundvöllur að viðtæku samráði, einnig með ríkjum Evrópubandalagsins, til að gera Evrópu að einni heild er varðar stefnu í þessum málum. Sáttmálinn er orðinn úreltur eins og hann er nú, setja þarf ákvæði um eftirlit og þingið ætti að taka upp árlega athugun á því hvort fleiri ríki vildu gerast aðilar og væri vel hægt að fara út fyrir raðir Evrópuríkja og gera hann alþjóðlegan.

Þá var álitserð nr. 121 samþykkt um *áttunda tímabilið í endurskoðun félagsmálasáttmála Evrópu*.

Jafnréttismál voru rædd á janúarfundi og *ályktun nr. 855 um jafnrétti karla og kvenna samþykkt*. Anderson, þingmaður sænska miðflokksins, hafði framsögu. Hún taldi að Evrópuráðið ætti að leiða jafnréttisbaráttuna í krafti grundvallarhugsjóna Evrópuráðsins og fjölda aðildarríkja. Hún benti á mörg dæmi þess að jafnrétti hefði ekki náðst í Evrópu.

Skýrsla um atvinnu ungmenna (Youth Employment) var lögð fram og *tillaga nr. 1023 um atvinnuleysi ungs fólks*. Foschi, kristilegur demókrati frá Ítalíu, var framsögumaður. Hann lagði áherslu á að atvinnuleysi hefði viðtækar félagslegar afleiðingar og gæti jafnvel skaðað heilsu manna. Áhersla skyldi lögð á allsherjarlausn á vanda sem bæði er félagslegur og efnahagslegur. Hægt væri að leysa einhvern vanda með sveigjanlegri vinnutíma. Í framhaldi af umræðu um ofangreinda tillögu var lögð fram skýrsla frá ráðstefnu um atvinnuleysi ungmenna sem haldin var í Haag í Hollandi í september 1985. Þar kom fram að af fólki á aldrinum 16–25 ára í Evrópu eru um 6 milljónir atvinnulausar. Tillögur til úrbóta voru m.a. starfsþjálfun, þróunarverkefni fyrir ungt fólk, lágmarkslaun meðan á þjálfun stendur o.fl. Skorað var á stjórnvöld að nýta betur það fé sem veitt er til styrktar atvinnulausum og það verði ekki aðeins notað til beinna styrkja til viðkomandi heldur til þess að standa straum af kostnaði við að skapa þeim atvinnu.

Tillaga nr. 1008 um konur í stjórnámálum var samþykkt á vorkundi og var Hawlicek, þingmaður sósíalista frá Austurríki, framsögumaður. Í ræðunni kom fram að Evrópuríkjum væri hægt að skipta í þrennt eftir þátttöku kvenna í stjórnámálum. Á Norðurlöndum og í Hollandi væri þátttaka þeirra 15–30% og mest í Svíþjóð. Í öðrum hópnum væru þær 8–10% (Austurríki, Portúgal, Sviss) og loks væri þriðji hópurinn þar sem áberandi fæstar konur væru í stjórnámálum: Frakkland, Bretland, Spánn, Írland, Kýpur og Tyrkland. Nefndi hún nokkrar aðferðir sem beitt væri í aðildarríkjunum til að auka þátttöku kvenna: Eins konar

kvótakerfi væri beitt í nokkrum flokkum, þ.e. nokkur sæti á framboðslistum væru frátekin fyrir kvenframbjóðendur, og sérstök námskeið væru haldin til að þjálfar konur í stjórnámálum. Loks ber að geta þess að víða hafa sérstök ráðuneyti eða stjórnarstofnanir farið með jafnréttismál og hefur það skilað árangri.

Í ofangreindri tillögu er skorað á stjórnvöld, stjórnámálaflokka og verkalýðsfélög að sjá til þess að konur séu fleiri í ábyrgðarstöðum. Þá er hvatt til þess að jafnréttisráð vinni að því marki að auka hlut kvenna í opinberum stöðum.

8. Menningar- og menntamál.

Tillaga nr. 1019 var samþykkt um þátttöku ungs fólks í opinberu lífi. Martinez, þingmaður sósíalista á Spáni, mælti fyrir tillögunni sem sett er fram í framhaldi af ráðstefnu æskufólks sem haldin var í eina viku í Strassborg í júlí 1985. Aðildarríkin eru minnt á það að framtíð lýðræðisins sé í höndum unga fólksins og því fyrr sem það kynnist beinni þátttöku í opinberu lífi því betur sé það fært um að axla ábyrgðina sem framtíðin mun færa því.

Tillaga nr. 1018 um styrk frá einkaaðilum til lista og menningar. Murphy, þingmaður Íhaldsflokksins í Bretlandi, hafði framsögu og benti á að styrkir til þessara mála væru með mjög mismunandi hætti í aðildarríkjunum. Skorað er á stjórnvöld að gera skattalöggjöfina þannig úr garði að einkaaðilar og fyrirtæki sjái sér hag í því að styrkja listir. Þá er einnig lögð áhersla á að ríkin móti heildstæða menningarstefnu.

Ályktun nr. 848 um frelsi einstaklinga til að ráða því hvort þeir hlusta á tónlist eða ekki. Erna Hennicot-Schoepges, kristilegur demókrati (Social Christianparty) frá Luxemborg, var framsögumaður. Hún vitnaði til ráðstefnu um sama efni sem haldin var á Írlandi á ári tónlistarinnar 1985. Varað er við þeim afleiðingum sem það getur haft fyrir heyrn manna að hlusta á tónlist sem er stillt of hátt. Þá eru opinberir aðilar beðnir að stilla tónlist á ýmsum opinberum stöðum í hóf þannig að menn geti valið sjálfir hvort þeir hlýða á tónlist eða hafi þögn.

Tillaga nr. 1030 fjallar um samvinnu háskóla í Evrópu og Suður-Ameríku. Nunez, sósíalisti frá Spáni, hafði framsögu og benti á að stúdentum fjölgaði með miklum hraða í Suður-Ameríku og þar með ykist þörfin á kennurum. En í Evrópu væri lítil fjölgun stúdenta og eftirspurn eftir kennurum eftir því. Miklu betri möguleikar væru á framhaldsmenntun í Evrópu en í Suður-Ameríku, en háskólakennara í Suður-Ameríku skortir einmitt doktorsnám eða sambærilega menntun sem þarf til að halda uppi góðri háskólakennslu. Stjórnvöld eru hvött til að koma á samvinnu við Suður-Ameríku, bæði á fjölþjóðlegum og tvíhliða grundvelli.

9. Löggjafarmálefni.

Skýrsla var lögð fram á haustfundi á vegum laga- og mannréttindanefndar sem fjallaði um það hvort fóstur væru hugsanlega notuð í snyrtivöruiðnaðinum í Evrópu. Haase, jafnaðarmaður frá Vestur-Þýskalandi, var framsögumaður og sagði að auk þessa væri ekki ólíklegt að fóstur væru notuð í vísindaskyni, en hér er um látin — ekki lifandi — fóstur að ræða. Í niðurstöðu eru aðildarríkin hvött til að banna ofangreinda starfsemi, standa að lagasetningu um málið og banna að láta glasafóstur sæta þessari meðferð og láta refsingu koma fyrir ef brotið er gegn slíku banni.

Á vorkundi var samþykkt *álitgerð nr. 123 um drög að Evrópusáttmála (convention)* um að alþjóðastofnanir sem ekki eru á vegum ríkisvaldsins fái viðurkenningu sem aðilar að málum fyrir Evrópudómstólum. Sir Dudley Smith, þingmaður íhaldsmanna í Bretlandi, hafði framsögu um málið og mælti með tillögunni og vonaðist til þess að gengið yrði frá málinu hið fyrsta.

10. Vísinda-, tækni og umhverfismál.

Tillaga nr. 1015 um umhverfisvernd við Miðjarðarhafið. Ítalski þingmaðurinn Mezgap-esa, sem er fulltrúi kristilegra demókrata, var framsögumaður fyrir hönd nefndar um sveitarstjórnar- og skipulagsmál. Ræðumaður vitnaði til ráðstefnu um umhverfisvernd við Miðjarðarhafið sem haldin hafði verið vorið áður og öll ríki við Miðjarðarhaf nema Albanía og Malta höfðu sótt. Ákvæði í ofangreindri tillögu eru sömu og niðurstöðu ráðstefnunnar, þ.e. skorað er á ríkin að auka samvinnu og standa að sameiginlegri stefnu og vekja athygli sveitarstjórna í Miðjarðarhafsríkjum á ýmsum samþykktum sem gerðar hafa verið á alþjóðavettvangi um málið.

Terzieff, sem er aðstoðarráðherra í forsætisráðuneyti Frakklands og fer með almannavarnamál, var gestur fundarins. Terzieff sagði að ástand mála við Miðjarðarhaf væri orðið svo slæmt að hægt væri að líkja því við jarðskjálftana í Mexíkó. Hann kvaðst vera jarðfræðingur og sannfærður um að jarðskjálftar yrðu á þessu svæði á næstu 15 árum. Hvatti hann stjórnvöld til að sinna viðbúnaði vegna náttúruhamfara ekki síður en varnarviðbúnaði vegna styrjalda. Mikils virði væri að hernum yrði falið að stjórna aðgerðum og koma til hjálpar í náttúruhamförum og borgararnir þjálfaðir í samvinnu við herina. Þá þyrfti að vera liðsaflí utan svæðisins sem kæmi á vettvang þegar ósköpin dyndu yfir.

Ályktun nr. 847 um meðferð á kjarnorkuúrgangi var samþykkt á haustfundi. Miller, Verkamannaflokkur Bretlands, var framsögumaður vísinda- og tækninefndar. Hann upplýsti að fjórðungur raforkuframléiðslu í aðildarríkjum Evrópuráðsins væri nú framleiddur í kjarnorkuverum og væri spáð að í lok þessa áratugar yrði hlutfall þriðjungur. Umræður um kjarnorkuúrgang væru oft byggðar á röngum eða misvísandi upplýsingum. Skýrslan, sem að ofan greinir, fjallar ekki um það hvort kjarnorka er æskileg orkulind eða ekki. Viðfangsefni hennar væri hvernig best verði losnað við kjarnorkuúrgang sem safnast hefur saman á síðustu 40 árum. Breskur þingmaður tók dæmi í umræðunni og sagði að milljón gallon af svolítið geislavirku vatni úr Windscale kjarnorkuverinu væri losað út í Írlandshaf í hverjum degi. Vitnað er til sérfræðinga á ráðstefnu í Stokkhólmi um sama efni, en þeir sögðu að áhættan við losun þessa úrgangs væri hvorki meiri né minni en áhætta sem tekin væri daglega á öðrum sviðum er varðaði velferð almennings. Í tillögunni er skorað á aðildarríkin að finna aðrar aðferðir en þá að henda úrgangi út í sjó, bæta frágang og meðferð þessa efnis þegar það er flutt úr kjarnorkuverunum og þangað sem á að fleygja því, finna nýjar aðferðir við að gera þennan úrgang hættulausan og nýja staði til að geyma hann, standa fyrir umræðum meðal almennings um þessi mál til að tryggja lýðræðislegar ákvarðanir.

Kjartan Jóhannsson, Alþýðuflokkurinn, lagði fram breytingartillögu nr. 5 við fyrrgreinda tillögu. Í henni var mælt gegn því að kjarnorkuúrgangi sé hent í hafið, en í tillögunni sjálfri eru stjórnvöld beðin að bíða átektu þar til ráðstefna í London um sama efni hefur skilað álit. Þá gagnrýndi Kjartan í ræðu sinni að í skýrslu Millers væri því haldið fram að sannanir virtust liggja fyrir um það að kjarnorkuúrgangur ylli ekki skaða í hafinu. Kjartan benti á að 100 þús. tonn af þessum úrgangi hefðu verið sett í hafið á 15 árum og mundi slíkt stórauðkast á næstu árum. Ekki er hægt að taka þá áhættu að óbætunlegur skaði verði á hafinu, annaðhvort við breyttar aðstæður eða síaukinn úrgang. Það verður ekki aftur tekið ef fiskveiðar í sjónum minnka eða annar skaði kemur í ljós, úrgangurinn verður ekki aftur sóttur til hafsins. Á síðustu tveim árum hefur engum úrgangi verið hellað í sjóinn og enginn virðist sakna þess og það er öruggara að hefja það ekki að nýju.

Nokkrar umræður urðu um málið og breytingartillögu nr. 5. Holst, þingmaður danska jafnaðarmannaflokksins, studdi breytingartillöguna og einnig Fiskesjö, þingmaður sænska jafnaðarmannaflokksins. Hardy frá Bretlandi, þingmaður Verkamannaflokksins, taldi á hinn bóginn að breytingartillagan gæti skaðað málstaðinn ef hún fengi minni hluta atkvæða. Miller, framsögumaður, sagði að vísindamenn héldu því fram að sá úrgangur, sem um væri að ræða, væri skaðlaus og ástæðulaust væri að vantroysta því mati vísindamanna.

Daginn eftir umræðurnar átti Kjartan Jóhannsson að mæla fyrir breytingartillögu sinni en þá var umræddri ráðstefnu í London lokið með ályktun um að kjarnorkuúrgangi skyldi ekki fleygt í sjóinn enn um sinn, þar til frekari niðurstöður rannsókna lægju fyrir. Kjartan hafði fyrr um daginn komist að samkomulagi við framsögumann um að kalla breytingartillögu sína aftur þar sem sjálfri tillögunni yrði breytt í sömu átt, þ.e. getið yrði ályktunar ráðstefnunnar í London.

Á janúarfundi var *tillaga nr. 1028 samþykkt um samvinnu milli Evrópu og Japans á vísinda- og tæknisviði*, en sjötta ráðstefna japanskra og evrópskra þingmanna og vísindamanna hafði verið haldin í Tóktó í júníbyrjun 1985. Blenk, þingmaður kristilegra demókrata í Austurríki, skýrði frá efni skýrslunnar og því að vísindanefnd Evrópuráðsþingsins hefði sett á stofn undirnefnd sem móta ætti stefnu í vísindum og fleiri lýðræðisríki en aðildarríkin yrðu þátttakendur í. Þá er ráðgert að Evrópuráðið verði aðili að skrifstofu sem Evrópubandalagið mun koma upp og á að meta ýmsa kosti í vísinda- og tækniþróun.

Bassenet, þingmaður franskra sósíalista, hafði framsögu með skýrslu um vísinda- og tæknisamvinnu í Evrópu. Mælt er með því að Evrópuríkin hafi samvinnu á þessu sviði og geri sitt til þess að dragast ekki aftur úr öðrum heimsálfum. Samþykkt var *tillaga nr. 1029 um samvinnu á sviði vísinda og tækni í Evrópu*.

11. Landbúnaðarmál.

Þrjú mál voru rædd undir þessum lið og öll á janúarfundi. Hið fyrsta var skýrsla um fæðukreppuna í Afríku sem Corrie, þingmaður Íhaldsflokksins í Bretlandi, mælti fyrir. Í framhaldi skýrslunnar var samþykkt *ályktun nr. 856 um fæðukreppuna í Afríku*. Þá mælti Rumpf, Vestur-Þjóðverji, Frjálslynda flokknum, fyrir skýrslu um langtímaþróun Afríkurríkja sem orðið hafa fyrir hungursneyð. Aðildarríkin eru hvött til að auka tvíhliða aðstoð við Afríkurríkin og skipuleggja aðstoðina þannig að hún komi örugglega að gagni. Í skýrslunni um langtímaþróun er einkum mælt með aðgerðum til að draga úr frjósemi í Afríku og bæta umhverfisvernd. Evrópuríkin eru hvött til að taka virkan þátt í verkefnum á vegum Alþjóðabankans í löndum fyrir sunnan Sahara og áhersla er lögð á að samhæfa betur aðgerðir milli ríkja og alþjóðastofnana. Þessi mál voru tekin upp í framhaldi af ráðstefnu Evrópuráðsins um málefni norðurs og suðurs í Lissabon árið 1984, en Ólafur Ragnar Grímsson var meðal frumkvöðla að þeirri ráðstefnu. Loks var samþykkt *ályktun nr. 857 um landbúnaðarframleiðsluna í Evrópu og náð Evrópusamstarf*. Þar er mælt með því að landbúnaðarframleiðslan í Evrópu verði einskorðuð við gæðaframleiðslu.

Á haustfundinum samþykkti þingið ályktun nr. 842 um ógnun við laxveiðar í Evrópu. Kjartan Jóhannsson, þingmaður Alþýðuflokksins, hafði haft forgöngu í landbúnaðarnefnd um flutning tillögu að þessari ályktun. Í ályktun þessari eru Evrópuþjóðirnar, sem standa að laxveiðum í Norður-Atlantshafi, hvattar til að beita sér fyrir banni á laxveiðum í sjó.

12. Sveitarstjórnarmál.

Tillaga nr. 1021 um aukinn fjölda fulltrúa frá landsbyggðinni í sveitarstjórnarnefnd Evrópu. Cuatredasas, þingmaður frá Katalóníu á Spáni, var framsögumaður. Þingið mælir með því við ráðherranefndina og aðila í Evrópu að samstarf verði á sviði sveitarstjórnarmála og Evrópusáttmálinn um þetta efni verði tekinn til endurskoðunar til þess að landsvæði innan Evrópu hafi öll sinn fulltrúa á þessum vettvangi.

Þá voru samþykktir 19. þings sveitarstjórna í Evrópu frá október 1984 samþykktar sem *álitsgerð nr. 122*.

13. Önnur mál.

Skodanakannanir voru teknar til umræðu í kjölfar skýrslu sem Sir John Page, þingmaður Íhaldsflokksins í Bretlandi, hafði framsögu um. Í henni kemur fram að þeirri

skoðun hafi verið varpað fram að skoðanakannanir hafi of mikil áhrif á niðurstöður kosninga og séu gerðar of oft. Á hinn bóginn telji svo aðrir að þær séu mikilvægur þáttur í nútímalýðræði og geri kjósendum valið auðveldara í kosningum. Niðurstaða skýrslunnar var sú að ekki væri þörf neinna aðgerða í þessu sambandi. Æskilegt væri þó að aðildarríkin kæmu sér saman um siðareglur varðandi framkvæmd skoðanakannana.

Þá var framtíð *samvinnu í Evrópu* rædd í kjölfar skýrslu Colombo-nefndarinnar um sama efni sem lögð var fram á haustfundi. Framsögu hafði Lied, þingmaður Íhaldsflokksins í Noregi. Í nefndinni eiga margir frammámenn Evrópuríkja sæti og formaðurinn er ítalski stjórnmalamaðurinn Emilio Colombo. Í þessari fyrstu skýrslu, sem fjallar um hugmyndafræði Evrópusamstarfs, er mælt með aukinni samvinnu á grundvelli sameiginlegrar arfleifðar sem í æ ríkara mæli verði beint inn á þær brautir þar sem þörfin er mest hverju sinni. Skýrslunni var vel tekið bæði hjá þinginu og ráðherranefndinni. Seinni hluti skýrslunnar kemur væntanlega á næsta ári og verður úttekt á stofnunum sem fara með Evrópusamstarf.

Stjórnmalanefndin hafði frumkvæði um að gera skýrslu um breytingu á 14. og 25. grein í sáttmála Evrópuráðsins. Framsögu hafði Steiner, kristilegur demókrati frá Austurríki. Það er skoðun meiri hluta nefndarinnar að aðildarríki, sem ekki útnefni sendinefnd á þing Evrópuráðsins, eigi ekki heldur að taka sæti sitt í ráðherranefndinni og að fylgjast eigi með því að engin sendinefnd þingsins sé eingöngu með fulltrúa frá stjórnarflokki í ríkisstjórn viðkomandi ríkis en án aðildar stjórnarandstöðu.

14. Yfirlit yfir ákvarðanir þingsins.

(37. þing Evrópuráðsins apríl 1985 – janúar 1986.)

Tillögur:

- 1007 um farandverkamenn sem snúa aftur til heimalands síns.
- 1008 um konur í stjórnámálum.
- 1009 um ferðamál og landbúnað. Getur hvort tveggja þróast saman án árekstra?
- 1010 um öryggi í flugi.
- 1011 um atvinnudansara í Evrópu.
- 1012 um samhæfingu reglna um trúnaðarmál í starfi.
- 1013 um samvinnu milli landamæraheraða í Evrópu.
- 1014 um vegabréfsáritun fyrir tyrkneska ríkisborgara í nokkrum Evrópuríkjum.
- 1015 um umhverfisvernd við Miðjarðarhafið.
- 1016 um aðbúnað og vinnuaðstæður flóttamanna og þeirra sem sækja um pólitískt hæli.
- 1017 um framtíð samstarfs í Evrópu. Fyrsta skýrsla Colombo-nefndarinnar.
- 1018 um styrk frá einkaaðilum til lista og menningarmála.
- 1019 um þátttöku ungs fólks í opinberu lífi.
- 1020 um Mannréttindadómstól Evrópu.
- 1021 um aukinn fjölda fulltrúa frá landsbyggðinni í sveitarstjórnarnefnd Evrópu.
- 1022 um félagsmálasáttmála Evrópu, stjórnmalalegt álit.
- 1023 um atvinnuleysi meðal ungs fólks.
- 1024 um viðbrögð Evrópuríkja við alþjóðahryðjuverkum.
- 1025 um aðstæður flóttamanna frá Palestínu.
- 1026 um breytingu á 14. gr. í sáttmála Evrópuráðsins.
- 1027 um breytingu á 25. gr. í sáttmála Evrópuráðsins.
- 1028 um samvinnu milli Evrópu og Japans á vísinda- og tæknisviði á grundvelli niðurstöðu 6. ráðstefnu þingmanna og vísindamanna í Tókíó, 3.–6. júní 1985.
- 1029 um samvinnu á sviði vísinda og tækni í Evrópu.
- 1030 um samvinnu háskóla í Evrópu og Suður-Ameríku.

Ályktanir:

- 839 um flugsamgöngur í Evrópu.
- 840 um ástandið í Tyrklandi.
- 841 um útlendingalög á Möltu og önnur mál sem áhrif hafa á samskipti Möltu og Evrópuráðsins.
- 842 um ógnun við laxveiðar í Evrópu.
- 843 um aðgerðir í framhaldi af ráðstefnu um samskipti norðurs og suðurs og hlut Evrópu í þeim (ráðstefna í Lissabon 9.–11. apríl 1984.)
- 844 um að hefja þingumræðu um mál sem efst eru á baugi.
- 845 um aðstæður Gyðinga í Sovétríkjunum.
- 846 um aðstæður minnihlutahópa og múhamedstrúarmanna í Búlgaríu.
- 847 um meðferð á kjarnorkuúrgangi.
- 848 um frelsi einstaklinga til að velja um það hvort þeir hlusta á tónlist eða ekki.
- 849 um stríðið milli Írans og Íraks.
- 850 um svar við skýrslu OECD 1984.
- 851 um svar við 24. ársskýrslu EFTA.
- 852 um breytingar á fundarsköpum þingsins.
- 853 um ástandið í Suður-Afríku.
- 854 um versnandi ástand í Afganistan.
- 855 um jafnrétti karla og kvenna.
- 856 um fæðukreppuna í Afríku.
- 857 um landbúnaðarframleiðsluna í Evrópu og náð Evrópusamstarf.
- 858 um svar við 30. og 31. ársskýrslu Ráðstefnu evrópskra samgönguráðherra.

Álitsgerðir:

- 121 um áttunda tímabilið í endurskoðun félagsmálasáttmála Evrópu.
- 122 um samþykktir 19. þings sveitarstjórna í Evrópu (16.–18. október 1984).
- 123 um drög að Evrópusáttmála (convention) um viðurkenningu á lögaðild alþjóðastofnana sem ekki eru á vegum ríkisstofnana.